



## Bæjarstjórnarfundur nr. 1279

### Ályktun bæjarstjórnar Akraness í tilefni þess að Hvalfjarðargöngum verður skilað til ríkisins og gjaldtöku hætt

Bæjarstjórn Akraness fagnar þeim merkisáfangi sem verður í lok þessa mánaðar, þegar Spölur skilar Hvalfjarðargöngum fullfjármögnum til ríkisins tuttugu árum eftir að göngin voru opnuð til umferðar þann 11. júlí 1998.

Hvalfjarðargöng eru einstök framkvæmd á íslenskan mælikvarða og í raun er saga Hvalfjarðarganganna merkisatburður í samgöngusögu íslensku þjóðarinnar og nefna má örfá atriði í því sambandi:

- Fyrsta og eina fjárfesting Íslendinga í samgöngumannvirki undir hafsbotninum við landið.
- Fyrstu neðansjávargöng veraldar í ungu gosbergi.
- Fyrstu neðansjávargöngin á Íslandi.
- Fyrsta framkvæmdin á Íslandi sem samið var um á grundvelli alútboðs og verktakinn bar alla ábyrgð á fjármögnun verksins á framkvæmdatíma og tæknilega ábyrgð á framkvæmd verksins.
- Fyrsta einkaframkvæmd í íslensku vegakerfi.
- Fyrsta fjárfesting íslenskra lífeyrissjóða í einkaframkvæmd.
- Fyrsta alþjóðlega fjárfesting sinnar tegundar í samgöngumálum á Norðurlöndum.

Mannvirkið hefur verið gríðarleg samgöngubót fyrir alla landsmenn en fyrir Skagamenn hefur tilkoma þeirra gjörbreytt forsendum fyrir þróun búsetu á Akranesi.

Öryggi vegfarenda í Hvalfjarðargöngum hefur frá fyrsta degi verið haft í forgrunni í rekstri Spalar til heilla fyrir vegfarendur og vill bæjarstjórn Akraness skora á ríkið að hvíka hvergi í öryggismálum við yfirtöku ganganna.



Bæjarstjórn færir forsvarsmönnum Spalar bestu þakkir fyrir ómetanlegt framlag þeirra til samgöngusögu þjóðarinnar sem og þakkir til allra þeirra stórhuga sem komu að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins og hafa staðið með því í gegnum þykkt og þunnt.

Jafnframt færir bæjarstjórn Akraness starfsfólki Spalar bestu þakkir fyrir þeirra framlag og óskar þeim velfarnaðar í nýjum verkefnum.

Bæjarstjórn Akraness brýnir ríkið til að huga að því að með sömu þróun umferðar verða Hvalfjarðargöng komin að mörkum leyfilegs umferðarmagns innan fárra missera og því þarf að huga að undirbúningi nýrra Hvalfjarðarganga án tafar.

Akranesi, 25. september 2018

Valgarður Lyngdal Jónsson bæjarfulltrúi (sign)

Elsa Lára Arnardóttir, bæjarfulltrúi (sign)

Ragnar Baldvin Sæmundsson, bæjarfulltrúi (sign)

Bára Daðadóttir, bæjarfulltrúi (sign)

Kristinn Hallur Sveinsson, bæjarfulltrúi (sign)

Einar Brandsson, bæjarfulltrúi (sign)

Ólafur Adolfsson, bæjarfulltrúi (sign)

Rakel Óskarsdóttir, bæjarfulltrúi (sign)

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir, bæjarfulltrúi (sign)